



## Bæjarstjórn - 1172

### FUNDARBOÐ

1172. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, Hábraut 2,  
13. mars 2018 og hefst kl. 16:00

#### Dagskrá:

#### Önnur mál fundargerðir

1. 1802025F - Bæjarráð - 2905. fundur frá 01.03.2018

*Fundargerð í 23 liðum.*

- 1.13 1802305 - Hafnarsvæði - minnkun

*Frá lögfræðideild, dags. 27. febrúar, lögð fram tillaga að breytingu á hafnarreglugerð fyrir Kópavogshöfn, nr. 983/2005.*

#### **Niðurstaða Bæjarráð - 2905**

Bæjarráð samþykkir tillöguna með fimm atkvæðum fyrir sitt leyti og vísar henni til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

2. 1803004F - Bæjarráð - 2906. fundur frá 08.03.2018

*Fundargerð í 29 liðum.*

- 2.3 1802191 - Sérstakur húsnæðisstuðningur. Breyting á reglum.

*Frá deildarstjóra rekstrardeildar velferðarsviðs, dags. 13. febrúar, lagt fram erindi er varðar breytingu á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning.*

#### **Niðurstaða Bæjarráð - 2906**

Bæjarráð vísar tillögu að breytingu á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning til afgreiðslu bæjarstjórnar.

- 2.4 1802202 - Reglur um stuðningsþjónustu

*Frá deildarstjóra í þjónustudeild fatlaðra, dags. 20. febrúar, lagt fram erindi um endurskoðun á 8. gr. reglna um stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk hjá Kópavogsbæ. Jafnframt eru lögð fram tvö fylgiskjöl, annars vegar greinargerð fyrir velferðarráð dags. 8. febrúar 2018 og hins vegar reglur um stuðningsþjónustu með breytingum.*

#### **Niðurstaða Bæjarráð - 2906**

Bæjarráð samþykkir tillögu um breytingu á reglum um stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með fimm atkvæðum.

3. 1802013F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 236. fundur frá 16.02.2018

*Fundargerð í 8 liðum.*

4. 1803002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 237. fundur frá 02.03.2018

*Fundargerð í 10 liðum.*

5. 1802015F - Barnaverndarnefnd - 76. fundur frá 22.02.2018

*Fundargerð í 5 liðum.*

6. 1802024F - Barnaverndarnefnd - 77. fundur frá 01.03.2018

*Fundargerð í einum lið.*

7. 1802017F - Forsætisnefnd - 110. fundur frá 22.02.2018

*Fundargerð í einum lið.*

8. 1803006F - Forsætisnefnd - 111. fundur frá 08.03.2018

*Fundargerð í 2 liðum.*

9. 1802018F - Leikskólanefnd - 91. fundur frá 22.02.2018

*Fundargerð í 8 liðum.*

10. 1801024F - Lista- og menningarráð - 86. fundur frá 01.03.2018

*Fundargerð í 3 liðum.*

11. 1802023F - Menntaráð - 22. fundur frá 26.02.2018

*Fundargerð í 3 liðum.*

12. 1801028F - Skipulagsráð - 24. fundur frá 19.02.2018

*Fundargerð í 19 liðum.*

- 12.5 1705613 - Lundur 24-26 og 28-30. Breytt deiliskipulag.

*Lagt fram að nýju að lokinni kynningu erindi Guðmundar Gunnlaugssonar, arkitekts fh. lóðarhafa að breyttu deiliskipulagi fyrir Lund 24-26 og 28-30. Í breytingunni felst að vegna landhalla verði byggð pallaskipt hús í stað tveggja hæða húsa með óbreyttri hámarkshæð og byggingarreitur stækkar til suðurs um 8 m<sup>2</sup> fyrir Lund nr 24 og 28. Einnig er óskað eftir því að lóðarmörk Lundar 24 og 28 stækki um 3 m til suðurs og lóða Lundar nr. 22 minnki sem því nemur. Á fundi skipulagsráðs 29. maí 2017 var samþykkt með tilvísan í 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Birkigrundar 9b, 11, 11a, Lundar 8-12, 14-18 og 20. Athugasemdafresti lauk 29. desember 2017. Athugasemdir bárust. Þá lögð fram umsögn skipulags- og byggingardeildar um framkomnar athugasemdir og ábendingar dags. 29. janúar 2018.*

#### **Niðurstaða Skipulagsráð - 24**

Skipulagsráð samþykkir erindið og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

13. 1802012F - Skipulagsráð - 25. fundur frá 05.03.2018

*Fundargerð í 13 liðum.*

- 13.7 1802765 - Kópavogsbraut 59. Breytt deiliskipulag.

*Lögð fram tillaga Noland arkitekta, dags. 28. febrúar 2018, fh. lóðarhafa Kópavogsbrautar 59 um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar. Samkvæmt gildandi skipulagi er heimild fyrir byggingu parhúss á tveimur hæðum með innbyggðum bílageymslum á lóðinni, hámarksfermetrafjöldi 440 m<sup>2</sup>. Í breytingunni felst að núverandi einbýlishús á lóðinni, byggt árið 1959, verði rífið og reist í þess stað 6 íbúða fjölbýli á 2 hæðum auk kjallara að hluta með 1,3 bílastæði á íbúð. Hámarks grunnflötur hússins er 275 m<sup>2</sup>. Kjallari er að hámarki 150 m<sup>2</sup> og lóðin er 1015 m<sup>2</sup>.*

*Samanlagður gólfhlötur hússins er 700 m<sup>2</sup>, heildarnýtingarhlutfall verður 0,69. Hámarkshæð hússins er 7,5 m miðað við aðkomuhæð. Uppdráttur í mkv. 1:200, 1:500 og 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum.*

**Niðurstaða Skipulagsráð - 25**

Skipulagsráð samþykkir með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

13.8 1802766 - Kópavogsbraut 69 og 71. Breytt deiliskipulag.

*Lögð fram tillaga Noland arkitekta, dags. 28. febrúar 2018, fh. lóðarhafa Kópavogsbrautar 69 og 71 um breytingu á deiliskipulagi lóðanna. Í tillögunni felst heimild til að rífa núverandi íbúðarhús á lóðunum og reisa tvö 4 íbúða fjölbýli á 2 hæðum auk kjallara að hluta. Á báðum lóðum yrði hámarks grunnflötur húss 220 m<sup>2</sup> á lóðum sem eru 660 m<sup>2</sup>. Samanlagður gólfhlötur hvors húss er 462 m<sup>2</sup>, nýtingarhlutfall ofanjarðar er 0,60 og heildarnýtingarhlutfall á hvorri lóð er 0,70. Gert er ráð fyrir 6 bílastæðum við hvort hús, 1,3 stæði á íbúð. Hámarkshæð húsa er 6,2 miðað við aðkomuhæð. Uppdrættir í mkv. 1:200, 1:500 og 1:1000 ásamt greinargerðum, skýringarmyndum og húsakönnun.*

**Niðurstaða Skipulagsráð - 25**

Skipulagsráð samþykkir með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

13.11 1704266 - Hafnarbraut 17-23. Bakkabraut 12, 14, 16. Svæði 9. Tillaga að breyttu deiliskipulagi.

*Lögð fram tillaga skipulags- og byggingardeildar að breyttu deiliskipulagi við Hafnarbraut 17-19 og 21-23. Í tillögunni er gert ráð fyrir að núverandi atvinnuhúsnæði á lóðunum, samtals um 1.800 m<sup>2</sup> að flatarmáli, byggt á árunum 1968, 1974, 1983 og 1985 verði rífið og tvö fjölbýlishús byggð í þeirra stað. Húsið að Hafnarbraut 17-19 verður fjórar hæðir með fimmtu hæðina inndregna með alls 45 íbúðum, 50 bílastæði í kjallar og 7 stæði á lóð eða 1.2 stæði á íbúð. Húsið að Hafnarbraut 21-23 verður fjórar hæðir með fimmtu hæðina inndregna með alls 47 íbúðum og um 160 m<sup>2</sup> verslunarrými á jarðhæð, 50 bílastæði í kjallara og 7 stæði á lóð eða 1.2 stæði á íbúð. Uppdráttur dags. 5. mars 2018 í mkv. 1:1000 ásamt tillögu að skipulagsskilmálum dags. 5. mars 2018.*

**Niðurstaða Skipulagsráð - 25**

Skipulagsráð samþykkir með tilvísan til 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

14. 1802014F - Umhverfis- og samgöngunefnd - 96. fundur frá 20.02.2018

*Fundargerð í 4 liðum.*

15. 1802019F - Öldungaráð - 4. fundur frá 01.03.2018

*Fundargerð í 2 liðum.*

16. 1802701 - Fundargerð 231. fundar Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 26.02.2018

*Fundargerð í 38 liðum.*

17. 1802702 - 3. fundargerð skólanefndar Menntaskólans í Kópavogi frá 14. febrúar 2018

*Fundargerð í 4 liðum.*

18. 1802565 - Fundargerð 162. fundar stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. frá

10.04.2017

*Fundargerð í einum lið.*

19. 1802566 - Fundargerð 168. fundar stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. frá 19.01.2018

*Fundargerð í 8 liðum.*

20. 1802568 - Fundargerð 169. fundar stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 21.02.2018

*Fundargerð í 6 liðum.*

21. 1802563 - Fundargerð 385. fundar stjórnar Sorpu bs. frá 21.02.2018

*Fundargerð í einum lið.*

22. 1802488 - Fundargerð 454. fundar stjórnar SSH frá 12.02.2018

*Fundargerð í 5 liðum.*

23. 1802696 - Fundargerð 282. fundar stjórnar Strætó bs. frá 16.02.2018

*Fundargerð í 11 liðum.*

Páll Magnússon, bæjarritari.